



Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 27. janúar 2026

|                                            |
|--------------------------------------------|
| <b>Þáttökugjöld og ferðakostnaður 2026</b> |
|--------------------------------------------|

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 15. janúar sl. voru tillögur fjárhagsnefndar KSÍ vegna þáttökugjalda og ferðakostnaðar samþykktar. Þáttökugjöld ársins 2026 verða innheimt í tvennu lagi, fyrri hluti 1. febrúar og seinni hluti 1. nóvember.

Meðfylgjandi dreifibréfi þessu má finna yfirlit yfir gjöld vegna Íslandsmóts og annarra móta á vegum KSÍ árið 2026. Líkt og sjá má á meðfylgjandi yfirliti er gert ráð afslátti af þáttökugjöldum til aðildarfélaga. Hámarksafsláttur af þáttökugjaldi er 25% en í yfirliti má sjá hver gjöldin eru miðað við 15% afslátt. Aðildarfélög fá afslátt af þáttökugjaldi með vísan til eftirfarandi þátta:

- |                                                 |                                 |
|-------------------------------------------------|---------------------------------|
| - Félag sem er ekki með yngri flokka starfsemi: | Enginn afsláttur.               |
| - Félag með yngri flokka starfsemi kvenna:      | 5% afsláttur af þáttökugjaldi.  |
| - Félag með a.m.k. 6 virka dómara hjá KSÍ:      | 5% afsláttur af þáttökugjaldi.  |
| - Félag með 15 virka dómara hjá KSÍ:            | 10% afsláttur af þáttökugjaldi. |
| - Félag af landssvæði 2:                        | 5% afsláttur af þáttökugjaldi.  |
| - Félag af landssvæði 3:                        | 10% afsláttur af þáttökugjaldi. |

Á framangreindum fundi stjórnar KSÍ var jafnframt samþykkt að úthlutun greiðslna til aðildarfélaga vegna leyfiskerfis KSÍ árið 2026 taki ekki breytingum frá árinu 2025.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóra KSÍ á netfangið [eysteinn@ksi.is](mailto:eysteinn@ksi.is).

Axel Kári Vignisson lögmaður,  
yfirlögfræðingur KSÍ.